

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Árið 1969 gáfu Pink Floyd út tvær plötur. Sú fyrri kom út í júlí og gekk undir ýmsum nöfnum eftir útgáfum. Mín heitir „Original Motion Picture Soundtrack More“ og flestir kalla þessa plötu einfaldlega „More“. Eins og langa nafnið ber með sér er hér um kvikmyndalagaplötu að ræða, þá fyrri af tveimur, sem Pink Floyd gáfu út og innihéldu eingöngu lög eftir þá sjálfa, en sú síðari var „Obscured by Clouds“, sem kom út 1972 og við fáum að heyra af seinna. Pink Floyd sömdu reyndar lög fyrir fleiri kvikmyndir. Sú fyrsta var „The Committee“ 1968, vægast sagt mjög furðuleg mynd eftir leikstjóran Peter Sykes með næstum jafn skrýtnum tónsmíðum Pink Floyd ásamt laginu „Nightmare“ eftir Arthur nokkur Brown. Tónlistin við myndina var aldrei gefin út á plötu en myndin kom á DVD fyrir nokkrum árum og á ég hana að sjálfsögðu.

Önnur kvikmynd með lögum eftir Pink Floyd var Zabriskie Point 1970, sem við fáum kannski að heyra brot af í næsta þætti. Svo má ekki gleyma „Tonight Let's All Make Love in London“ frá 1967, sem fjallaði um tónlist Pink Floyd og neðanjarðarmeninguna í London og Live at Pompei frá 1972, sem sýnir PF halda tónleika fyrir sjálfa sig í galtómu hringleikahúsi frá tímum Rómarveldis í hinni fornfrægu borg Pompei á Ítalíu. Síðast en ekki síst má svo nefna kvikmynd Alan Parker 1982, sem gerð var eftir plötunni The Wall frá 1979.

En snúum okkur aðeins að More. Leikstjóri kvikmyndarinnar heitir Barbet Schroeder, sem einnig gerði myndina "La Vallee" 1972, en "Obscured by Clouds" inniheldur einmitt lögin úr þeirri mynd. Myndin er m.a. tekin upp á Ibiza á Spáni og fjallar um þýskan stúdent, sem ákveður að taka sér frí að loknu stærðfræðinámi og endar sem heróíníkill. Lög Pink Floyd bera það dálítið með sér að þau eru eilítið utan þróunarbrautar hljómsveitarinnar ef svo mætti segja, þ.e. minna af t.d. sýrurokki og prógressívu eða þróuðu rokki en við eigum að venjast á þessum tíma. Þarna bregður fyrir lögum í þungarokksstíl en enn fremur nokkrum í hálfgerðum ballöðustíl og eru þau flest eftir Waters, sem samdi einn næstum helming laganna. Hins vegar tókum við eftir að ýmiss konar nýir hljóðeffektar eru komnir til sögunnar, svo sem söngur lævirkjans í fyrsta lagi þáttarins, „Cirrus Minor“, sem jafnframt er fyrsta lag plötunnar og er eftir Waters. Enn fremur má benda

á að þetta er fyrsta stóra platan, þar sem Barrett kemur ekkert við sögu og að þetta er önnur af aðeins tveimur plötum Pink Floyd þar sem Gilmour sér um allan sönginn en hin er „A Momentary Lapse of Reason“ frá 1987.

Næsta lag sem við heyrum er „Crying Song“ eftir Waters.

Lag: Crying Song <https://www.youtube.com/watch?v=rwaS5X6wjdo>

Þriðja lagið, sem við hlustum á af plötunni More er „Cymbaline“ og er einnig eftir Waters.

Lag: Cymbaline https://www.youtube.com/watch?v=ZM5iopSs_rl

Næsta lag heitir „Main Theme“ og er eftir þá alla fjóra.

Lag: Main Theme <https://www.youtube.com/watch?v=qz9EjhTfc2A>

Að lokum ætla ég að spila lagið „A Spanish Piece“, sem er, að því er ég best veit, fyrsta lagið á Pink Floyd plötu, sem er alfarið eftir Gilmour.

Lag: A Spanish Piece <https://www.youtube.com/watch?v=fFxOwK2DCD4>

Á árunum 1968 og 69 héldu Pink Floyd allmarga tónleika, bæði með lögum Barretts en enn fremur nýrri lögum, svo sem af "A Saucerful of Secrets", litlu plötunum, sem gefnar voru út 1968 og einnig efni, sem ekki fór á plötu á þessum árum. Mest af þessu efni, en líklega ekki allt, hefur síðar komið út á safnplötum, svo sem "Relics" frá 1971. Síðla árs 1969 fóru þeir í stúdíó og gerðu magnaða og mjög þunga plötu, sem heitir því skrytna nafni "Ummagumma". Skv. heimildum er hér um að ræða slanguryrði frá Cambridge, sem þýðir einfaldlega að gera hitt og einn af röturum hljómsveitarinnar frá þessum árum, sem einmitt er frá Cambridge, hefur haldið því fram að orðið sé hans persónulega og privat uppfinning. Ummagumma er sérstök að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er um að ræða tvöfalt albúm þar sem fyrri platan er tónleikaplata af a.m.k. tvennum tónleikum. Í annan stað er seinni platan stúdíóplata, þar sem hver hljómsveitarmeðlimur um sig á verk, sem taka u.þ.b. hálfu plötusíðu hvert. Fyrstur á svið er Richard Wright með "Sysyphus", forngríska konunginn, sem dæmdur var af guðunum að velta steini upp á fjall, einungis til að sjá hann rúlla niður aftur og þurfa því að endurtaka leikinn. Þá kemur Roger Waters með tvö verk, næstur er David Gilmour með „The Narrow Way“ og

lestina rekur Nick Mason.

Platan fékk góðar viðtökur en einhverra hluta vegna voru hljómsveitameðlimir ekki eins hrifnir og gagnrýnendur og a.m.k Waters og Gilmour hafa lýst henni sem rusli og Gilmour sagði reyndar um sitt verk að það væri bull frá upphafi til enda. Mason lýsti þessu þannig að þetta hefði verið ágætis tilraun en útkoman, þ.e. summan, hefði ekki verið jöfn samanlögðum pörtunum.

Hafandi vogað mér að spila allt verkið „A Saucerful of Secrets“ í síðasta þætti ætla ég ekki að þreyta ykkur með "Sisyphus" Wrights eða "The Narrow Way" Gilmours, til þess eruð þið líklega flest öll allt of lítið skóluð í Floydískum fræðum. Ég ætla hins vegar að leyfa ykkur að heyra framlög Waters og Masons.

Plötufjórðungur Waters er tvö verk. Hið fyrra er unaðsleg ballaða, sem heitir „Grantchester Meadows“ en þessir akkrar eru í raun og veru til í Cambridgeskíri. Hér notar Waters hljóð náttúrunnar til hins ítrasta og það er eins og maður sé hreinlega úti á akrinum.

Seinna verkið heitir líklega lengsta nafni tónlistarsögunnar. „Several Species of Small Furry Animals Gathered Together in a Cave and Grooving With a Pict“ eða "Nokkrar tegundir af litlum, loðnum dýrum samankomnum í helli og skemmta sér með Skota". Til að gera langa sögu stutta er hér um ræða meistaraverk effekta og raddblöndunar. Gerið svo vel og takið eftir fluguskömminni.

Lög (ath. að ég fann ekki verkin samfelld á Youtube þannig að þið verðið að velja þau hvort á eftir öðru):

Grantchester Meadows <https://www.youtube.com/watch?v=nGcIy40n3dY>

Several Species of Small Furry Animals Gathered Together in a Cave and Grooving With a Pict <https://www.youtube.com/watch?v=9nF1eX2TmjY>

Verk Masons, "The Grand Viziers Garden Party" skiptist í þrjá hluta, "Entrance", "Entertainment" og "Exit" og er flautuleikurinn í inn- og útgangi eftir þáverandi konu hans, Lindy Mason. Slagverkshlutinn er stereóísk upplifun, hvorki meira né minna. Við látum þetta verða loklag þáttarins.

Ég heiti BRL og veit eitthvað pínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: The Grand Viziers Garden Party

<https://www.youtube.com/watch?v=D4ULb9YE3UI>

© Björgvin R. Leifsson 2013